

*Guðmundur Jóhannesson*  
*Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins*



## Ending og æviafurðir

Full ástæða er til að beina í auknum sjónum að endingu kúnna og hversu mikið þær framleiða á æviskeiðinu. Uppeldi kvígna er dýrt og því mikilvægt að þessi gripir sem búið er að kosta miklu til endist sem best og framleiði sem mest áður en þær hverfa yfir móðuna miklu. Slíkt hlýtur að vera hagkvæmt, þ.e. fá sem mest fyrir þann kostnað sem uppeldið hefur kostað. Hér verður gerð tilraun til þess að varpa ljósi á hvernig staðan varðandi þetta er hérlendis.

Skoðuð voru gögn úr nautgriparæktarkerfinu Huppu sem ná til þeirra kúa sem fæddar frá og með árinu 2005, hafa afurðaupplýsingar og var fargað á árunum 2012-2015. Ástæðan fyrir því að fæðingarárið 2005 var valið er sú að gögn í Huppu ná til ársins 2006 og því ná þau yfir allar æviafurðir þessara gripa. Með því að skoða kúr sem hefur verið fargað erum við skoða allar æviafurðir þessara gripa.

Til þess að gögnin væru sambærileg fyrir hvert förgunarár var fæðingarár hafður sami árafjöldi frá förgunarári þannig að kúr sem var fargað 2012 voru fæddar frá og með 2005, kúr sem var fargað 2013 voru fæddar frá og með 2006 o.s.frv.

Niðurstöður má sjá í töflu 1.

**Tafla 1.** Fjöldi burða og æviafurðir eftir förgunarári.

Förgunarár	Fæð.ár	Fjöldi burða	Æviafurðir, mjólk kg	Æviafurðir, fita kg	Æviafurðir, prótein kg	Mjólk kg á dag frá fæð.
2012	2005 >	2,49	11.674	491	393	6,14
2013	2006 >	2,50	11.803	498	397	6,20
2014	2007 >	2,50	12.306	518	415	6,39
2015	2008 >	2,56	12.843	537	432	6,65

Niðurstaðan er nokkuð skýr, á sama tíma og afurðir hafa aukist eru kýrnar frjósamari auk þess sem þær endast betur. Á aðeins 4 árum ber meðalkýrin 0,07 sinnum oftar, mjólk 1.169 kg meira á æviskeiðinu og skilar 0,51 kg meiri mjólk á dag frá fæðingu til förgunardags.